



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1898
komudagur 27.4.2006

Reykjavík 27. apríl 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, heildarlög. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegum breytingum á 9., 10., 11., 12. og 13. gr. núgildandi laga um Landhelgisgæslu Íslands er varða kaup og kjör starfsmanna stofnunarinnar og gerir Sjómannasamband Íslands athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á framangreindum greinum.

Í 2. mgr. 13. greinar frumvarpsins er vísað til þess að starfsmenn eigi rétt á björgunarlaunum skv. siglingalögum. Í siglingalögum er ítarleg forskrift um hvernig björgunarlaunum er skipt á skipverja á því skipi sem fær björgunarlaun. Í 12. grein gildandi laga um Landhelgisgæslu Íslands segir hins vegar um þetta að hlutur áhafnar skiptist að rétttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins. Nái þessi breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fram að ganga er því verið að auka hlut skipstjóra í björgunarlaununum á kostnað annarra skipverja. Þessu mótmælir Sjómannasamband Íslands og krefst þess að skipting björgunarlauna verði óbreytt frá gildandi lögum.

Í 22. gr. frumvarpsins segir að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sem sinna löggæslustörfum megi hvorki fara í verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun. Er þetta ákvæði samhljóða 7. gr. núgildandi laga. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að 9., 10. og 11. gr. núgildandi laga um laun og kjör verði felldar brott úr lögum. Þar með er hvergi minnst á það í frumvarpinu hvernig skuli ákvarða kjör skipverja á varðskipunum. Að mati Sjómannasambands Íslands er það óviðunandi að þessir starfsmenn geti ekki á viðunandi hátt ráðið til lykta hugsanlegum deilum við Landhelgisgæsluna um kaup og kjör þar sem þeir hafa ekki verkfallsrétt. Því verður að mati Sjómannasambands Íslands að tengja kjör áhafnanna öðrum hliðstæðum kjarasamningum eða að fela lögskipuðum dómi að ákvarða kjörin með hliðsjón af því sem almennt gerist á vinnumarkaði. Ef ekki er hægt að verða við því að skipverjar hafi eðlilegar viðmiðanir varðandi launabreytingar og önnur kjör fer Sjómannasamband Íslands þess á leit að skipverjar fái verkfallsrétt þannig að þeir hafi jafna stöðu og aðrir launamenn til að verja kjör sín.

Í 23. gr. frumvarpsins er fjallað um tryggingar starfsmanna. Í 13. grein núgildandi laga er fjallað um sambærilegt efni að öðru leyti en því að skv. frumvarpinu á að fella út

tilvísun í kjarasamninga. Sjómannasamband Íslands telur eðlilegt að skipverjar séu tryggðir skv. kjarasamningum ef sú trygging er betri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Annað væri skerðing á kjörum skipverja.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson